

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, breyting vegna aðalskipulags Siglufjarðar.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. mars 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 frá 14. október 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Landnotkun umhverfis Skútudal, Hólsdal og Skarðsdal breytist úr landbúnaðarsvæði í óbyggt svæði.
- Svæði fyrir frístundabyggð er skilgreint norðan Grísarár.
- Svæði sunnan Grísarár er skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð í bland við opið svæði til sérstakra nota.
- Heimilt verður að reisa tvö frístundahús á hverri jörð á eftirtöldum svæðum: Vestan Mánárhymu, Siglunesi, Reyðará í Nesdal, Vík í Víkurdal, vestan og norðan Héðinsfjarðarvatns og í Hvanndölum.
- Umfang strandverndarsvæðis í botni Siglufjarðar minnkar.
- Afmörkun náttúruverndarsvæðis er lagfærð til samræmis við náttúruminjaskrá.
- Reiðleið í Héðinsfirði er aflögð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 2. mars 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.